



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 143/618
komudagur 10.12.2013

Alþingi
vt. Nefndasvið Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

10. desember 2013
Tilvísun: 2013110039/10.4

Efni: Viðbótarumsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit), 168. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til fundar efnahags- og viðskiptanefndar þann 6. desember 2013 þar sem rætt var um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit), 168. mál.

Óskaði nefndin eftir því að Fjármálaeftirlitið kæmi með viðbótarumsögn vegna tiltekinna ákvæða frumvarpsins og rædd voru á nefndum fundi.

Sjónarmið Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

I. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins

Í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er kveðið á um að fjármálafyrirtækjum beri að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Ekki eru veittar skýringar á því í lögnum sjálfum eða lögskýringagögnum hvort átt sé við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands o.fl. eða hvort að fyrirtæki geti stuðst við aðrar viðurkenndar leiðbeiningar um sama efni. Hefur Fjármálaeftirlitið túlkað ákvæðið með víðtækum hætti þannig að unnt sé að líta til fleiri viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti en þær sem gefnar hafa verið út hérlendis. Það er því metið hverju sinni hvort um viðurkenndar leiðbeiningar sé að ræða.

Eigi að miða við tilteknar viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti er mikilvægt að löggjafinn kveði á um það með skýrum hætti.

II. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins

Ákvæði um upplýsingaskyldu um 5% eignarhlut í váttryggingafélagi er ætlað að stuðla að gagnsæi til handa almenningi. Váttryggingafélög eru eining tengd almannahagsmunum og varðar starfsemi þeirra almenning allan. Sambærileg krafa var áður í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er það mat og reynsla Fjármálaeftirlitsins að slík upplýsingaskylda hafi ekki verið íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki enda hafi athugun eftirlitsins leitt í ljós að Fjármálafyrirtæki hafi birt slíkar upplýsingar. Hins vegar má geta að þær breytingar sem gerðar voru á lögum um fjármálafyrirtæki með lögum nr. 47/2013 um að upplýsa um 1% eignarhald og raunverulegan eiganda hafa valdið ýmsum vandkvæðum við túlkun, reynst mjög íþyngjandi og á stundum óframkvæmanlegar.

III. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar sett reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti hjá fjármálafyrirtækjum sbr. reglur nr. 670/2013. Það er ljóst að reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti verða aldrei taldar upp með tæmandi hætti. Framsetning reglna um efnið



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

gefur eftirlitsskyldum aðilum og öðrum hagsmunaaðilum leiðbeiningar um þau meginsjónarmið sem hafa ber í huga í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið vinnur nú að leiðbeinandi tilmælum um sama efni þar sem verður að finna nánari útfærslu og skýringar á einstökum ákvæðum nefndra reglna.

Viðskiptaháttum á fjármálamarkaði hefur verið veitt aukin athygli í lagasetningu á vegum Evrópusambandsins. Þannig má nefna að komandi tilskipanir og reglugerðir á vegum þess snúa að meira leyti en áður að háttsemi fjármálastofnana gagnvart öllum hagsmunaaðilum sbr. UCITCS IV tilskipunina, fyrirhugaða tilskipun um miðlun váttrygginga (IMD II) þar sem ákvæði um viðskiptahætti verða einnig látin ná til váttryggingafélaga og fyrirhuguð reglugerð um pakkaða fjármálagæringa (e. Packaged Retail Investment Products eða PRIP's).

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að hafa sömu heimildir í þessum efnunum hvað varðar váttryggingastarfsemi og er til staðar varðandi fjármálafyrirtæki.

IV. 4. gr. frumvarpsins

Hvað varðar fyrirhugaðan 19. tl. 9. gr. laga um váttryggingastarfsemi, sbr. 4. gr. frumvarpsins, þá er um að ræða samhljóða skilgreiningu á hugtakinu lykilstarfsmaður og er að finna í 8. tl. 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hugtakið lykilstarfsmaður hefur ekki verið skilgreint áður í lögum um váttryggingastarfsemi, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 55. gr. laganna er varða kaupaukakerfi og starfsloka samninga lykilstarfsmanna. Jafnframt hefur verið uppi ágreiningur um hvort tilteknir starfsmenn váttryggingafélaga falla undir leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um hæfi lykilstarfsmanna nr. 3/2010, þar sem hugtaksskýringu á lykilstarfsmönnum er ekki til að dreifa í lögum um váttryggingastarfsemi. Tilgreining þeirra starfa sem talin eru falla undir hugtakið lykilstarfsmaður í frumvarpinu byggja á skilgreiningu Solvency II tilskipunarinnar, nánar tiltekið ákvæðum 44. til 48. gr., en vinna við innleiðingu tilskipunarinnar í heild sinni stendur nú yfir. Í því samhengi þykir jafnframt tilefni til að vísa til 42. gr. Solvency II tilskipunarinnar er varðar hæfiskilyrði lykilstarfsmanna (e. Fit and proper requirements for persons who effectively run the undertaking or have other key functions).

Fjármálaeftirlitið telur 4. gr. frumvarpsins til þess fallna að leysa ákveðna lagaóvissu um skilgreiningu á lykilstarfsmönnum váttryggingafélaga sem og að samræma þær kröfur sem gerðar eru til lykilstarfsmanna váttryggingafélaga og fjármálafyrirtækja. Aukinheldur telur Fjármálaeftirlitið ekki skort á einstaklingum á íslenskum vinnumarkaði sem uppfylla þau hæfiskilyrði sem gerð eru til lykilstarfsmanna og ekki verður séð af hálfu Fjármálaeftirlitsins hvernig nánari skýring á hugtakinu af hálfu löggjafans gæti verið til annars en bóta fyrir íslenskan váttryggingamarkað.

V. 4. og 7. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við framkomnar umsagnir um ákvæði 4. og 7. gr. frumvarpsins en bendir þó á að váttryggingafélag ber ábyrgð á útvistuðum verkefnum í heild sinni en ekki eingöngu gagnvart viðskiptavinum þess. Verði tillaga Samtaka fjármálafyrirtækja um orðalag tekin til greina leggur Fjármálaeftirlitið til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Útvisti váttryggingafélag verkefnum sínum skal tryggja að þjónustuaðili hafi hæfni, getu og öll leyfi, sem krafist er samkvæmt lögum, til að inna af hendi útvistuð verkefni af áreiðanleika og fagmennsku. Ábyrgð váttryggingafélags gagnvart viðskiptavinum sínum helst óbreytt þó það feli öðrum hluta af verkefnum sínum. Váttryggingafélag skal senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu þegar kemur til útvistunar á þýðingarmiklum eða mikilvægum rekstrarþáttum eða starfsemi.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

VI. 6. mgr. 16. gr.

Í málsgreininni er lagt til að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu. Ákvæðið er sambærilegt 15. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði o.fl. og eiga sambærileg sjónarmið og koma fram í athugasemdum við þá grein við um váttryggingastarfsemi.

Aðskilnaður reksturs líftrygginga og annarrar frumtryggingastarfsemi var upphaflega lögfestur með ákvæði 2. gr. laga nr. 26/1973, sbr. 12. gr. núgildandi laga um váttryggingastarfsemi. Rökin fyrir aðskilnaðinum eru ólíkt eðli þessara trygginga og þörf fyrir meiri aðgæslu í fjárrekstri líftryggingafélaga. Slíkt sjónarmið má finna víða í lögum um váttryggingastarfsemi, meðal annars í kröfum um lágmarksgjaldþol líftryggingafélags.

Ákveðin sérsjónarmið eiga þar af leiðandi við um váttryggingastarfsemi og þá hagsmunaárekstra sem geta komið upp í tengslum við krossstjórnarsetu.

Í fyrsta lagi má geta þess að í þeim tilvikum sem váttryggingafélag er dótturfélag eignarhaldsfélags eða annars konar fyrirtækis og stjórn váttryggingafélagsins er skipuð meiri hluta aðilum sem tengjast móðurfélaginu með beinum hætti er veruleg hætta, eins og dæmin hafa sýnt, að viðskipti milli váttryggingafélagsins og móðurfélagsins sæti ekki sömu aðgæslu og gagnrýni og ef um óviðkomandi félag væri að ræða.

Í öðru lagi skal þess getið að skaðatryggingafélög og líftryggingafélög eru almennt hluti af sömu félagasamstæðu. Annað hvort með þeim hætti að skaðatryggingafélagið er móðurfélag líftryggingafélagsins eða að um systurfélög sé að ræða. Í framkvæmd er starfsemi líftryggingafélaga almennt með þeim hætti að þau útvista mestum hluta starfsemi sinnar til skaðatryggingafélags innan sömu samstæðu. Aðstæður þar sem stjórnir beggja félaganna eru skipaðar sömu stjórnarmönnum eða þar sem stjórn líftryggingafélagsins er skipað starfsmönnum skaðatryggingafélagsins bjóða upp á viðvarandi hagsmunaárekstra enda ljóst að stjórn líftryggingafélags sem skipuð er með framangreindum hætti er ekki ályktunarbær varðandi samninga við móðurfélagið eða samkeppnisaðila þess.

Fjármálaeftirlitið telur áriðandi að ákvæðið nái fram að ganga enda er því ætlað að tryggja og treysta trúverðugleika og óhæði á váttryggingamarkaði.

Á váttryggingamarkaði eru tvö váttryggingafélög í slitaferli (e. run-off). Um er að ræða Íslenska endurtryggingu hf. og Tryggingu hf. Ekki er um eiginlega váttryggingastarfsemi að ræða hjá félögunum í skilningi laga um váttryggingastarfsemi. Leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirlitinu verði veitt heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum um krossstjórnarsetu þegar um er að ræða félög þar sem ekki fer fram hefðbundin váttryggingastarfsemi svo og þegar um er að ræða opinber váttryggingafélög. Með því væri unnt að koma til móts við þau sjónarmið sem hafa komið fram varðandi frumvarpið auk þess sem unnt verði að veita undanþágu varðandi stjórnarsetu í Viðlagatryggingu Íslands. Fjármálaeftirlitið telur að þau sjónarmið sem búa að baki banni við krossstjórnarsetu eigi ekki við hjá Viðlagatryggingu Íslands. Verði eftirlitinu veitt slík heimild þá gæti það veitt starfsmanni eða stjórnarmanni annars váttryggingafélags heimild til að taka sæti í stjórn Viðlagatryggingar Íslands að því tilskyldu að hann uppfylli öll skilyrði þ. á.m. hæfisskilyrði.

VII. Varamenn í stjórn váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við þau sjónarmið er fram koma í umsögn SFF um fyrirbyggjandi frumvarp er varða varamenn í stjórn váttryggingafélaga.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

G. Áslaug Jósepsd.
Guðrún Áslaug Jósepsdóttir